



28. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Miðvikudaginn 13. júní 2007, kl. 16:15.

Valgarður Hilmarsson setti fund í fjarveru formanns og varaformanns. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Sala eigna.
 2. Erindi frá Grunnskólanum á Blönduósi.
 - Skólalóð.
 - Kennslumagn skólaveturinn 2007-2008.
 3. Gjaldskrá hafnar.
 4. Smárabraut, veglagning og lagnavinna.
 5. Erindi frá Skarfakletti ehf.
 6. Erindi frá húseigendum að Árbraut 3.
 7. Lóðaleigusamningur vegna Sunnubrautar 7.
 8. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
 9. Erindi frá Skipulagsstofnun.
 10. Frá vinabænum Nokia, Finnlandi.
 11. Minnisblað bæjarstjóra vegna samþykka um kjör fulltrúa í stjórnun, ráðum og nefndum Blönduóssbæjar
 12. Fundarboð:
 - a. Aðalfundarboð EBÍ.
 13. Fundargerðir:
 - a. Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.
 - b. Héraðsnefnd A-Hún.
 - c. Félagspjónusta A-Hún.
 - d. SSNV.
 14. Afskriftir.
 15. Leikskólinn Barnabær
 - Erindi frá íbúum Sturluhóli.
 - Greinargerð um lagfæringu lóðar ásamt kostnaðaráætlun.
 - Erindi frá leikskólastjóra.
 16. Önnur mál.
-

1. Sala eigna.

Sbr. niðurstöðu verðmats frá Heimili, fasteignasölu liggja fyrir 2 tilboð í íbúðir frá leigjendum.

Urðarbraut 13, tilboð kr. 10.900.000,-

Bæjarstjóra falið að gera gagnatilboð á grundvelli umræðna.

Skúlabraut 12, tilboð kr. 9.500.000,-

Bæjarstjóra falið að svara tilboði á grundvelli umræðna.

Bæjarráð samþykkir að fá fasteignasala til að kanna með tilboð í Skúlabraut 21.

2. Erindi frá Grunnskólanum á Blönduósi.

Mætt er Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri til að fylgja erindum úr hlaði.

- Skólalóð.

Farið yfir skipulag skólalóðar sbr. yfirlitsmynd frá Teikn á lofti 10.2006 og erindi skólastjóra og umsjónarmanns tæknideildar. Tillaga þeirra er að skipulagsteikningin verði samþykkt eins og hún liggur fyrir og að gerð verði verkáætlun til næstu ára þar sem fjármagn verði tryggt í framkvæmdir.

Bæjarráð tekur undir tillögurnar og vísar þeim til umsagnar í skipulags-, byggingar- og veitunefnd og fræðslunefnd.

Byggingarfulltrúa falið að ljúka ferlinu varðandi þau framkvæmdaratriði sem þegar eru samþykkt á skólalóð og eru á fjárhagsáætlun 2007.



- Kennslumagn skólaveturinn 2007-2008.

Skólastjóri lagði fram yfirlit yfir beiðni um kennslumagn fyrir skólaárið 2007-2008, samtals 405 kennslust. á viku. Útskýrði hún forsendurnar að baki kennslumagninu.

Jafnframt er óskað eftir 25% aukningu á starfsheimild fyrir skóladagheimili og 38% aukningu á starfsheimild til þess að ráða stuðningsfulltrúa á yngsta stigi. Óskað er eftir þessum starfsheimildum vegna tilmæla nemendaverndarráðs og aukinnar eftirspurnar skóladagheimilis.

Bæjarráð óskar eftir að fræðslufulltrúi ásamt skólastjóra fari nánar yfir málið.

Skólastjóri vék af fundi að loknum þessum lið.

3. Gjaldskrá hafnar.

Fram lögð gjaldskrá hafnar, unnin af tæknideild. Bæjarráð samþykkir gjaldskrána.

4. Smárabraut, veglagning og lagnavinna.

Fram lagt minnisblað bæjarstjóra vegna fjárhagsheimildar í lagnavinnu Smárabrautar. Bæjarráð samþykkir að auglýsa eftir tilboðum í framkvæmdirnar og vísar erindinu til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

5. Erindi frá Skarfakletti ehf.

Forsvarsmenn útgerðarfyrirtækisins óska eftir stuðningi bæjarstjórnar vegna úthlutun byggðakvóta.

Bæjarráð Blönduóssbæjar bendir á að það er ekki á færi sveitarfélagsins að úthluta byggðakvótanum en fullur stuðningur er við atvinnustarfsemina og þau áform sem fyrirtækið nefnir í bréfi sínu. Eins og fram kemur í bókun bæjarráðs frá 30. maí sl. er lögð þung áhersla á það við úthlutun Fiskistofu að vinnsla fari fram í sveitarfélaginu sbr. ákvæði reglugerðarinnar.

6. Erindi frá húseigendum að Árbraut 3.

Beiðni er um að tengigjöld verði felld niður að öllu leyti og enn fremur gatnagerðargjöld A og B og lóðagjald vegna 40 fm nýbyggingar við húseignina. Húseigendur færa fram rök máli sínu til stuðnings.

Bæjarráð samþykkir að fella niður tengigjöld. Með vísan í 3. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 er erindinu um niðurfellingu A- og B-hluta gatnagerðagjalda hafnað.

Af gefnu tilefni ítrekar bæjarráð að ákvörðun bæjarráðs frá 13. mars 2003, þar sem heimilað var að veita styrki sem nema gatnagerðagjöldum, var skilyrt tilteknum lóðum til nýbygginga. Bæjarráð ítrekar jafnframt að þessi skilyrta heimild frá 2003 er fallin úr gildi.

7. Lóðaleigusamningur vegna Sunnubrautar 7.

Byggingafulltrúa falið að ganga frá lóðasamningi í samvinnu við eiganda.

8. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Lagðar fram til kynningar upplýsingar um hópferð á Opna daga sveitarstjórnarvettvangs ESB í Brussel í haust.

9. Erindi frá Skipulagsstofnun.

Lagt fram til kynningar afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Náttúrustofu Vestfjarða, dags. 12. júní 2007.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar vegna tillögu Leiðar ehf., dags. 15. júní 2007, að matsáætlun fyrir veg við Svínavatn í Húnavatnshreppi og Blönduóssbæ.

Bæjarráð ítrekar fyrri ályktanir og bókanir vegna málsins og er bæjarstjóra falið að svara erindinu.

Bæjarráð telur brynt að eiga fund með nýjum samgönguráðherra hið fyrsta vegna málsins og er bæjarstjóra falið að bóka fund með ráðherra.

10. Frá vinabænum Nokia, Finnlandi.

Bæjarstjóra falið að sækja afmæli Nokia í Finnlandi dagana 25. – 27. júlí nk. í tilefni 70 ára afmælis bæjarins.



11. Minnisblað bæjarstjóra vegna samþykktu um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Blönduóssbæjar.
Bæjarráð samþykkir breytingar 5. gr. sbr. minnisblaði bæjarstjóra sem fylgir gögnum og vísar ábendingum um 17. gr. til fjárhagsáætlanagerðar.
12. Fundarboð:
 - a. Aðalfundarboð EBÍ.
Fundurinn verður haldinn föstudaginn, 5. október nk. Lagt fram til kynningar.
13. Fundargerðir:
 - a. Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.
Fundargerðin er frá 20. júní sl. og er lögð fram til kynningar.
 - b. Héraðsnefnd A-Hún.
Fundargerðin er frá 14. júní sl. og er lögð fram til kynningar. Bæjarráð ítrekar það að mikilvægt er að sveitastjórnir í sýslunni taki afstöðu til liðar 3 -5 fyrir fund héraðsnefndar nú í júlí. Ákveðið að fjalla nánar um málið á næsta fundi bæjarráðs.
 - c. Félagsþjónusta A-Hún.
Fundargerðin er frá 14. júní sl. og er lögð fram til kynningar.
 - d. SSNV.
Fundargerðir frá 29. maí og 14. júní sl. lagðar fram til kynningar.
14. Afskriftir.
Frestað til næsta fundar bæjarráðs.
15. Leikskólinn Barnabær
 - Erindi frá íbúum Sturluhóli.
Ósk er um að færa barn íbúa úr leikskólanum Barnabóli yfir á leikskólann á Skagaströnd vegna starfa foreldris þar. Bæjarráð samþykkir erindið.
 - Greinargerð um lagfæringu lóðar ásamt kostnaðaráætlun.
Greinargerðin er samin af Ágústi Þór Bragasygni og Jóhönnu G. Jónasdóttur, leikskólastjóra. Samþykkt að taka málið upp á á næsta fundi bæjarráðs.
 - Erindi frá leikskólastjóra.
Óskað er eftir 50% stöðuaukningar við leikskólann Barnabæ vegna afleysinga. Leikskólastjóri gerði grein fyrir erindinu. Bæjarráð samþykkir erindið en felur leikskólastjóra í samvinnu við fjármálastjóra að gera úttekt á þróun rekstrarkostnaðar sl. ár í leikskólanum.
16. Önnur mál.
 - a. Úthlutun leiguíbúða. *Bæjarráð samþykkir úthlutanir sbr. meðfylgjandi yfirlit.*

Að loknum fundi héldu fundarmenn í skoðunarferð í Leikskólann Barnabæ.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15.

Valgarður Hilmarsson (sign.)
Kári Kárason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson (sign.)